*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 136/202*
*komudagur 21.11. 2008*

Verðbréfaskráning Íslands hf.
b.t. Einars Baldvins Stefánssonar
Laugavegi 182
105 REYKJAVÍK


Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is


Reykjavík, 19. nóvember 2008
Tilvísun: 2008110802 ÞS/--

**Efni: Miðlun upplýsinga um dreifingu hlutafjáreignar í íslenskum bönkum**

I.

Persónuvernd vísar til tölvubréfs Verðbréfaskráningar Íslands hf. sem stofnuninni barst í dag. Í viðhengi með tölvubréfinu er beiðni um heimild til að afhenda efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis tilteknar upplýsingar samkvæmt beiðni frá nefndinni sem Verðbréfaskráningu barst með tölvubréfi hinn 3. nóvember 2008. Í tölvubréfinu segir:

> „Formaður Efnahags- og skattanefndar hefur farið þess á leit við Verðbréfaskráningu að hún láti nefndinni í té eftirfarandi upplýsingar um dreifingu hlutafjáreignar í gömlu bönkunum þremur. Nánar tiltekið er óskað eftir upplýsingum fyrir hvern banka um fjölda hluthafa (kennitalna) sem átti hluti að markaðsvirði:
>
> undir 1
> milli 1 – 3. m.kr.
> milli 3 – 6 m.kr.
> milli 6 – 9 m.kr.
> milli 9 – 20 m.kr.
> milli 20 – 50 m.kr.
> yfir 50 m.kr.
>
> miðað við 2. maí, 1. ágúst og 26. september sl.
>
> Miða skal við eftirfarandi verð pr. hlut

| | Kaupþing | Landsbankinn | Glitnir |
|---|---|---|---|
| 26.9.2008 | 750 | 23,05 | 15,70 |
| 1.8.2008 | 707 | 23,05 | 15,20 |
| 2.5.2008 | 840 | 29,65 | 17,10“ |

Með tölvubréfi í dag spurði Persónuvernd hvort það væri rétt skilið hjá stofnuninni að aðeins væri um að ræða ópersónugreinanlegar tölfræðiupplýsingar sem Verðbréfaskráning Íslands hf. ynni upp úr eigin gögnum. Félagið svaraði með tölvubréfi í dag þar sem segir að svo sé.

II.

Hér með tilkynnist, með vísan til 2. mgr. 14. gr. laga nr. 131/1997, að Persónuvernd gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að Verðbréfaskráning Íslands hf. veiti efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis umræddar upplýsingar. Þessi afstaða er háð því að unnið verði í samræmi við eftirfarandi skilmála:

1. Einungis verði veittar ópersónugreinanlegar tölfræðiupplýsingar, þ.e. upplýsingar um fjölda þeirra hluthafa sem áttu hluti að tilteknu markaðsvirði í Kaupþingi hf., Glitni banka hf. og Landsbanka Íslands hf. á tilteknum dögum.

2. Einungis starfsmenn Verðbréfaskráningar Íslands hf. hafi með höndum vinnslu upplýsinga um einstaklinga sem ópersónugreinangreinlegar tölfræðiupplýsingar samkvæmt 1. tölul. eru unnar upp úr.

3. Allir þeir sem að vinnslunni komi gæti þagmælsku um allt sem þeir verða áskynja um við vinnsluna og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum hjá Verðbréfaskráningu.

4. Öryggi upplýsinga um fjárhagsmálefni einstakra aðila verði tryggt með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum öryggisráðstöfunum, sbr. 11. gr. laga nr. 77/2000, sbr. reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Þá skal viðhafa innra eftirlit, sbr. 12. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 8. gr. reglna nr. 299/2001.

Virðingarfyllst

Sigrún Jóhannesdóttir

Afrit:
Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 REYKJAVÍK

**Verðbréfaskráning Íslands hf.**

**b/t. Einar Baldvin Stefánsson**

**Laugavegi 182**

**105 Reykjavík**

**Reykjavík, 19. nóv. 2008.**

Efni: **Beiðni formanns efnahags- og skattanefndar, Péturs Blöndal, um upplýsingar**

Með tölvupósti, dagsettum 3. nóvember sl., beindi undirritaður fyrir hönd formanns efnahags- og skattanefndar erindi til Verðbréfaskráningar Íslands hf. þar sem óskað var upplýsinga um dreifingu hlutafjáreignar í gömlu bönkunum þremur (Landsbanka, Glitni og Kaupþingi). Fyrirtækið svaraði erindinu með tölvupósti degi síðar þar sem með fylgdi samantekt sem sýndi fjölda kennitalna flokkaða eftir bönkum og eign í milljónum króna o.fl.

Hinn 16. nóvember sl. fór undirritaður f.h. formannsins fram á viðbótarupplýsingar þar sem m.a. var farið fram á að upplýsingar yrðu veittar um samanlagt verðmæti eignar hverrar kennitölu einstaklinga og fyrirtækja í bönkunum þremur. Tveimur dögum síðar svaraði fyrirtækið umræddri fyrirspurn á þann hátt að því væri ekki heimilt að veita umræddar upplýsingar nema til þess stæði ótvíræð lagaheimild. Þessu til stuðnings var vísað til 8. gr. laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, en að fengnum nánari skýringum svaranda hefði verið nærtækara að vísa til 14. gr.

Í 2. mgr. 14. gr. laganna kemur fram að Verðbréfamiðstöð sé heimilt að veita upplýsingar í hagtöluskyni að fenginni heimild Persónuverndar. Með vísan til þess og framangreinds óskar undirritaður eftir því að Verðbréfaskráning Íslands hf. hlutist til um heimild Persónuverndar til að veita þær upplýsingar sem óskað var eftir í tölvupóstinum frá 16. nóvember sl.

Um nánari skýringar á málavöxtum vísast til tilvitnaðra tölvupósta.

**Virðingarfyllst**

**Eiríkur Áki Eggertsson, nefndarritari**

**From:** Eiríkur Áki Eggertsson [mailto:eirikure@althingi.is]
**Sent:** 3. nóvember 2008 14:02
**To:** Einar Sigurjónsson
**Cc:** Pétur H. Blöndal
**Subject:** Nefndasvið Alþingis - beiðni um upplýsingar

Sæll Einar,

Formaður Efnahags- og skattanefndar hefur farið þess á leit við Verðbréfaskráningu að hún láti nefndinni í té eftirfarandi upplýsingar um dreifingu hlutafjáreignar í gömlu bönkunum þremur. Nánar tiltekið er óskað eftir upplýsingum fyrir hvern banka um fjölda hluthafa (kennitalna) sem átti hluti að markaðsvirði:

1. undir 1
2. milli 1 – 3 m.kr.
3. milli 3 – 6 m.kr.
4. milli 6 – 9 m. kr.
5. milli 9 – 20 m. kr.
6. milli 20 – 50 m.kr.
7. yfir 50. m. kr.

miðað við 2. maí, 1. ágúst og 26. september sl.

Miða skal við eftirfarandi verð pr. hlut

| | Kaupþing | Landsbankinn | Glitnir |
|---|---|---|---|
| 26.9.2008 | 750 | 23,05 | 15,70 |
| 1.8.2008 | 707 | 23,05 | 15,20 |
| 2.5.2008 | 840 | 29,65 | 17,10 |

Leiki vafi á því hvort lögmætt sé að veita umbeðnar upplýsingar kann að vera ástæða til að bera framangreint undir FME.

Kv. Eiríkur Áki
ritari efnahags- og skattanefndar Alþingis.

# Dreifing hlutafjáreignar í Landsbanka, Glitni og Kaupþing

Þessi samantekt sýnir fjölda kennitalna flokkað eftir bönkum og eftir eign í milljónum króna.
Þetta eru allar kennitölur, bæði einstaklingar, fyrirtæki og aðrar.
Markaðsvirði er reiknað út miðað við gengið í gengistöflunni hér fyrir neðan.

| Dagsetning | Bréf | Fjöldi kennitalna | Flokkur |
|---|---|---|---|
| 20080502 | HL/ISFBA | 7.141 | 1 |
| 20080801 | HL/ISFBA | 8.633 | 1 |
| 20080926 | HL/ISFBA | 8.459 | 1 |
| 20080502 | KAUP | 18.628 | 1 |
| 20080801 | KAUP | 18.949 | 1 |
| 20080926 | KAUP | 18.278 | 1 |
| 20080502 | LAIS | 21.395 | 1 |
| 20080801 | LAIS | 22.000 | 1 |
| 20080926 | LAIS | 21.843 | 1 |
| 20080502 | HL/ISFBA | 2.080 | 2 |
| 20080801 | HL/ISFBA | 2.042 | 2 |
| 20080926 | HL/ISFBA | 2.008 | 2 |
| 20080502 | KAUP | 3.765 | 2 |
| 20080801 | KAUP | 3.316 | 2 |
| 20080926 | KAUP | 3.245 | 2 |
| 20080502 | LAIS | 3.720 | 2 |
| 20080801 | LAIS | 3.339 | 2 |
| 20080926 | LAIS | 3.188 | 2 |
| 20080502 | HL/ISFBA | 905 | 3 |
| 20080801 | HL/ISFBA | 797 | 3 |
| 20080926 | HL/ISFBA | 794 | 3 |
| 20080502 | KAUP | 1.479 | 3 |
| 20080801 | KAUP | 1.216 | 3 |
| 20080926 | KAUP | 1.215 | 3 |
| 20080502 | LAIS | 1.126 | 3 |
| 20080801 | LAIS | 743 | 3 |
| 20080926 | LAIS | 689 | 3 |
| 20080502 | HL/ISFBA | 303 | 4 |
| 20080801 | HL/ISFBA | 256 | 4 |
| 20080926 | HL/ISFBA | 252 | 4 |
| 20080502 | KAUP | 522 | 4 |
| 20080801 | KAUP | 413 | 4 |
| 20080926 | KAUP | 400 | 4 |
| 20080502 | LAIS | 380 | 4 |
| 20080801 | LAIS | 256 | 4 |
| 20080926 | LAIS | 227 | 4 |
| 20080502 | HL/ISFBA | 317 | 5 |
| 20080801 | HL/ISFBA | 287 | 5 |
| 20080926 | HL/ISFBA | 272 | 5 |
| 20080502 | KAUP | 531 | 5 |
| 20080801 | KAUP | 406 | 5 |
| 20080926 | KAUP | 413 | 5 |
| 20080502 | LAIS | 392 | 5 |
| 20080801 | LAIS | 263 | 5 |
| 20080926 | LAIS | 224 | 5 |
| 20080502 | HL/ISFBA | 142 | 6 |
| 20080801 | HL/ISFBA | 128 | 6 |
| 20080926 | HL/ISFBA | 117 | 6 |

| Númer | Flokkur |
|---|---|
| 1 | undir 1 m.kr |
| 2 | milli 1 – 3 m.kr. |
| 3 | milli 3 – 6 m.kr. |
| 4 | milli 6 – 9 m. kr. |
| 5 | milli 9 – 20 m. kr. |
| 6 | milli 20 – 50 m.kr. |
| 7 | yfir 50 m. kr. |

| Bréf | Heiti banka |
|---|---|
| HL/ISFBA | Glitnir banki |
| KAUP | Kaupþing banki |
| LAIS | Landsbanki Íslands |

**Gengistafla**

| Dagsetning | Kaupþing | Landsbankinn | Glitnir |
|---|---|---|---|
| 26.9.2008 | 750 | 23,05 | 15,7 |
| 1.8.2008 | 707 | 23,05 | 15,2 |
| 2.5.2008 | 840 | 29,65 | 17,1 |

# Dreifing hlutafjáreignar í Landsbanka, Glitni og Kaupþing

[redacted]

**Kristjana Benediktsdóttir**

| | |
|---|---|
| **From:** | Einar B. Stefánsson [ebs@vbsi.is] |
| **Sent:** | 18. nóvember 2008 13:43 |
| **To:** | Eiríkur Áki Eggertsson |
| **Cc:** | Ólafur Guðmundsson |
| **Subject:** | RE: Fjöldatap á hruni bankanna |

Sæll Eiríkur,

Samkv. lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, 8. gr. er Verðbréfaskráningu aðeins heimilt að veita upplýsingar úr kerfi sínu sé til þess ótvírætt lagaheimild. Ef hana er ekki að finna í lögum sem varða störf Efnahags- og skattanefndar verður beiðnin að koma beint frá skattyfirvöldum eða FME þar sem sams konar heimild er að finna.

Með kveðju,

Einar Baldvin Stefánsson

Einar Baldvin Stefánsson

Forstöðumaður lögfræðisviðs, Director Legal Affairs,
Verðbréfaskráning Íslands hf, Icelandic Securities Depository Ltd.,
Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Iceland,
Tel: +354 540-5502, Mob: +354 895-1903, Fax: +354 540-5519,
E-mail: ebs@vbsi.is

Efni þessa tölvupósts, og viðhengi hans, kann að vera trúnaðarmál. Það er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Verðbréfaskráningar Íslands.

The content of this e-mail and its attachments may be confidential and is only intended for the person or entity to which the e-mail is addressed. The sender is responsible for the content of this e-mail and its attachments if it is not connected with the activities of Icelandic Securities Depository.

---

**From:** Ólafur Guðmundsson
**Sent:** 18. nóvember 2008 13:26
**To:** Einar B. Stefánsson
**Subject:** FW: Fjöldatap á hruni bankanna

Sæll Baldvin.

Er í lagi að þeir fái þessar upplýsingar?

kv
Óli

---

**From:** Eiríkur Áki Eggertsson [mailto:eirikure@althingi.is]
**Sent:** 16. nóvember 2008 18:41
**To:** Ólafur Guðmundsson
**Subject:** FW: Fjöldatap á hruni bankanna

**Kristjana Benediktsdóttir**

---

| | |
|---|---|
| **From:** | Eiríkur Áki Eggertsson |
| **Sent:** | 16. nóvember 2008 18:41 |
| **To:** | 'Ólafur Guðmundsson' |
| **Subject:** | FW: Fjöldatap á hruni bankanna |
| **Attachments:** | Nefndasvið Alþingis - beiðni um upplýsingar.htm |

Sæll Ólafur,

Með vísan til fyrri tölvupóstssamskipta.

Í tengslum við fyrri fyrirspurn hefur formaður efnahags- og skattanefndar hefur beðið mig um að koma framfæri beiðni um frekari upplýsingar (sjá neðangreindan tölvupóst).

Ef eitthvað er sem veldur vafa láttu mig þá vita.

Með fyrirfram þökk,

Kv. Eiríkur Áki

---

**From:** Pétur H. Blöndal
**Sent:** 14. nóvember 2008 22:17
**To:** Eiríkur Áki Eggertsson
**Subject:** Fjöldatap á hruni bankanna

Blessaður

Varðandi spurningar til Verðbréfaskráningar er best að miða við gengið 26.9. 2008

Kaupþing 750
Landbankinn 23,05
Glitnir 15,7

Finna samanlagt verðmæti eignar hverrar kennitölu einstaklinga í ÖLLUM þremur bönkunum samanlagt og finna fjölda þeirra og samanlagt tap á bilunum

| | Fjöldi | Tap samtals |
|---|---|---|
| 0 mkr. til 1 mkr | | |
| 1 mkr. til 3 mkr. | | |
| 3 mkr. til 6 mkr. | | |
| 6 mkr. til 10 mkr. | | |
| 10 mkr. til 20 mkr. | | |
| 20 mkr til 50 mkr. | | |
| yfir 50 mkr. | | |

Finna sama fyrir þá sem eru 65 ára og eldri (fædda 1943 og fyrr)

Finna sama fyrir fyrirtæki.

Kær kveðja

Pétur H. Blöndal alþingismaður
GSM +354-699-1943

**From:** Eiríkur Áki Eggertsson
**Sent:** 3. nóvember 2008 14:13
**To:** 'Einar Sigurjónsson'
**Subject:** RE: Nefndasvið Alþingis - beiðni um upplýsingar

Sæll,

Kærar þakkir.

Kv. Eiríkur Áki

---

**From:** Einar Sigurjónsson [mailto:ess@vbsi.is]
**Sent:** 3. nóvember 2008 14:15
**To:** Eiríkur Áki Eggertsson
**Subject:** RE: Nefndasvið Alþingis - beiðni um upplýsingar

Sæll við kikjum á þetta

Ég veit ekki nákvæmlega hvenær þetta yrði tilbúið en við höfum þessar upplýsingar en þurfum að vinna úr þeim

Kv
Einar

Einar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri
Verðbréfaskráning Íslands hf. /
Chief Executive Officer, CEO, Icelandic Securities Depository Ltd.
Tel. +354 5405501
Mobile. +354 8959794

Efni þessa tölvupósts, og viðhengi hans, kann að vera trúnaðarmál. Það er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Verðbréfaskráningar Íslands.
The content of this e-mail and its attachments may be confidential and is only intended for the person or entity to which the e-mail is addressed. The sender is responsible for the content of this e-mail and its attachments if it is not connected with the activities of Icelandic Securities Depository.

---

**From:** Eiríkur Áki Eggertsson [mailto:eirikure@althingi.is]
**Sent:** 3. nóvember 2008 14:02
**To:** Einar Sigurjónsson
**Cc:** Pétur H. Blöndal
**Subject:** Nefndasvið Alþingis - beiðni um upplýsingar

Sæll Einar,

Formaður Efnahags- og skattanefndar hefur farið þess á leit við Verðbréfaskráningu að hún láti nefndinni í té eftirfarandi upplýsingar um dreifingu hlutafjáreignar í gömlu bönkunum þremur. Nánar tiltekið er óskað eftir upplýsingum fyrir hvern banka um fjölda hluthafa (kennitalna) sem átti hluti að markaðsvirði:

1. undir 1
2. milli 1 – 3 m.kr.
3. milli 3 – 6 m.kr.
4. milli 6 – 9 m. kr.
5. milli 9 – 20 m. kr.
6. milli 20 – 50 m.kr.
7. yfir 50. m. kr.

miðað við 2. maí, 1. ágúst og 26. september sl.

Miða skal við eftirfarandi verð pr. hlut

| | Kaupþing | Landsbankinn | Glitnir |
|---|---|---|---|
| 26.9.2008 | 750 | 23,05 | 15,70 |
| 1.8.2008 | 707 | 23,05 | 15,20 |
| 2.5.2008 | 840 | 29,65 | 17,10 |

Leiki vafi á því hvort lögmætt sé að veita umbeðnar upplýsingar kann að vera ástæða til að bera framangreint undir FME.

Kv. Eiríkur Áki
s. 563-0425
gsm. 845-4331

Sæll Ólafur,

Með vísan til fyrri tölvupóstssamskipta.

Í tengslum við fyrri fyrirspurn hefur formaður efnahags- og skattanefndar hefur beðið mig um að koma framfæri beiðni um frekari upplýsingar (sjá neðangreindan tölvupóst).

Ef eitthvað er sem veldur vafa láttu mig þá vita.

Með fyrirfram þökk,

Kv. Eiríkur Áki

---

**From:** Pétur H. Blöndal
**Sent:** 14. nóvember 2008 22:17
**To:** Eiríkur Áki Eggertsson
**Subject:** Fjöldatap á hruni bankanna

Blessaður

Varðandi spurningar til Verðbréfaskráningar er best að miða við gengið 26.9. 2008

Kaupþing 750
Landbankinn 23,05
Glitnir 15,7

Finna samanlagt verðmæti eignar hverrar kennitölu einstaklinga í ÖLLUM þremur bönkunum samanlagt og finna fjölda þeirra og samanlagt tap á bilunum

| | Fjöldi | Tap samtals |
|---|---|---|
| 0 mkr. til 1 mkr | | |
| 1 mkr. til 3 mkr. | | |
| 3 mkr. til 6 mkr. | | |
| 6 mkr. til 10 mkr. | | |
| 10 mkr. til 20 mkr. | | |
| 20 mkr til 50 mkr. | | |
| yfir 50 mkr. | | |

Finna sama fyrir þá sem eru 65 ára og eldri (fædda 1943 og fyrr)

Finna sama fyrir fyrirtæki.

Kær kveðja

Pétur H. Blöndal alþingismaður
GSM +354-699-1943